

Kennsluáætlun	Safnfræðsla	
----------------------	--------------------	---

Viðfangsefni	Menningararfur, saga, samfélag
Nemendahópur	Yngsta stig, miðstig, unglingastig
Grein	Samfélagsgreinar, listgreinar, íslenska
Grunnþættir	Læsi, sköpun
Lengd	Hægt er að nýta myndböndin ein og sér í u.þ.b. hálfri kennslustund eða fara í verkefni og vinna þverfaglega yfir nokkra tíma.

Hæfniviðmið: Nemandi getur: - sett sig í spor starfsfólks safna m.t.t. fræðslugildis sýninga, - ályktað um samfélag sitt og daglegt líf með framtíðarkynslóðir í huga, - sagt frá ólíkum gerðum safna og tjáð hvað vekur áhuga og hvers vegna, - skilið þau fjölbreyttu störf sem unnin eru á söfnum, líka þau sem fara fram á bak við tjöldin, - aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum, - unnið úr upplýsingum og sett fram aðalatriði á aðgengilegan og skapandi hátt.

Kennsluverkefni:

Sýning fyrir framtíðina. Hvað þarf að vera á sýningu um fyrstu tvo áratugi 21. aldarinnar fyrir framtíðarkynslóðir?

Grunnsýning Þjóðminjasafnsins nær fram til ársins 2000. En hvað einkennir daglegt líf í landinu á 21. öld?

Verkefnið felst í að setja upp sýningu í skólastofunni um nútímann. Nákvæmlega hvað í því felst má útfæra fyrir ólíkan aldur. T.d. má einskorða sýningargripi við leikföng hjá yngsta stigi, við almenna muni á heimilinum fyrir miðstig og fjalla má um samfélagsmál á unglingastigi, t.d. kynhlutverk, jafnréttismál, #metoo, lífið á dögum covid19 o.fl. **Aðferð:** Hægt er að biðja börnin um að lána eitthvað á sýninguna sem hefur merkingu fyrir þeim í settu samhengi en það er líka hægt að sneiða hjá því með því að þau finni myndir af hlutunum á netinu eða í tímaritum eða blöðum og prenta eða klippa út. **Útkoma/skil:** Nemendur þurfa að ákveða hvaða upplýsingar eigi að fylgja þ.e.a.s. að semja sýningartextann. Svo þarf að útfæra uppsetningu sýningarinnar, semja titil á hana og stuttan inngangstexta. Svo væri gaman að fá gesti á sýninguna, helst gesti sem eru tilbúnir til að ímynda sér að þau komi úr framtíðinni og séu að skoða gamla hluti og liðinn tíma.

Ferðalag um landið. Hvaða safn væri gaman að heimsækja?

Verkefnið felst í að kynna sér söfn um landið og velja svo eitt (til tvö) sem nemandi telur að gæti verið áhugavert að heimsækja. **Kveikja:** Umræður í tíma um hvaða söfn nemendur hafa heimsótt heima og erlendis og hvað þeim fannst eftirminnilegt úr heimsókninni. Rætt um tegundir safna; t.d. náttúruvinnjasöfn, byggðasöfn, minjasöfn, listasöfn, söfn um einstaklinga, söfn um þröngt svið, söfn

sem verða til úr einkasöfnum af ýmsu tagi. Hægt að teikna upp skema eða kort yfir tegundir safna sem nemendur hafa heimsótt eða þekkja jafnóðum og umræðum vindur fram. **Aðferð:** Að innlögn lokinni hefst hver nemandi handa við að kynna sér söfn á Íslandi á vefnum. Þessar vefslóðir er hægt að nýta: <https://www.ferdalag.is/is/menning/sofn> og <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/listi-yfir-vidurkennd-sofn/> ásamt upplýsingasíðum landshluta. Á heimasíðu valins safns eru ítarlegri upplýsingar og oft fjölbreytt fræðsluefni. Einnig má hugsa sér að nemandi hringi í safn með sértækar spurningar sem hann er forvitinn um og ekki er svarað á vefsíðu. **Útkoma/skil:** Nemandi býr til kynningu á safninu fyrir bekkinn. Nemandi fær að velja form kynningar. Þetta getur verið stuttur fyrirlestur með glærum, myndband, veggspjald eða líkan svo eitthvað sé nefnt. Auk almennrar kynningar á safninu kynnir nemandi á hvaða hátt heimsókn á safnið mætir hans/hennar áhugasviði. (Þ.e. svarar hvers vegna mundi ég vilja heimsækja þetta safn).

Kennslugögn: Skjávarpi, tölva, spjaltdölvur eða aðrar nemendatölvur, ýmis efniviður til uppsetningar og gerð sýningar og nemendakynninga.